

Breytingar í vændum, erum við tilbún?

Frá og með árinu 2023 mun eftirlaunaþegum fjölga meira en vinnandi einstaklingum. Þjóðfélagið breytist og það þarf að undirbúa.

Hagstofan birti í desember nýja mannfjöldaspá fyrir tímabilið 2014-2065. Samvæmt spánni eru framundan miklar breytingar sem óhjákvæmilega munu hafa mikil áhrif á hagkerfið og þjóðlífið.

Íslendingum mun fjölga um liðlega 120 þúsund til ársins 2065 og verða þá orðnir um 450 þúsund.


Fólki á eftirlaunaaldri fjölgar á þessum tíma um **180%** en vinnandi fólki á aldrinum 16 til 66 ára fjölgar einungis um liðlega **20%**.

Eftirlaunaþegum fjölgar hraðar en vinnandi fólki á Íslandi frá og með árinu 2023.

Í hnotskurn verða breytingarnar þær að vinnandi fólki verður innan við 60% þjóðarinnar 2065 en er 67% nú. Fólki á eftirlaunaaldri verður hátt í fjórðungur þjóðarinnar 2065 en er 11% nú.


Þjóðfélagið breytist því mikið á allra næstu árum og það þarf að undirbúa.

Fjölgun á vinnumarkaði og á eftirlaunum 2014-2065



Myndin sýnir fjölgun fólks á vinnualdri og eftirlaunaþega (fjölgun eftirlaunaþega sýnd sem neikvæð tala af því þeir fara af vinnumarkaði). Línan sýnir mismuninn eða hvort fólki á vinnualdri eða eftirlaunaþegum fjölgi meir.

Fjöldi vinnandi á móti hverjum lífeyrisþega



Á árinu 2014 voru tæplega 6 vinnandi menn fyrir hvern lífeyrisþega en árið 2065 er því spáð að aðeins 2,5 verði á vinnumarkaði á móti hverjum lífeyrisþega.

Heimild: Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands 2014, miðspá.

Undirbúningur og tækifæri

Stjórnvöld þurfa að búa í haginn fyrir þessar breytingar og undirbúa að ýmis þjónusta við fólki á síðari hluta ævinnar þurfi að aukast. Einnig verða ríki og sveitarfélög að undirbúa sig fyrir hlutfallslega minni skatttekjur þegar það verða færri á vinnumarkaði á móti hverjum lífeyrisþega. Augljósasta, sanngjarnasta og brýnasta leiðin er auðvitað að grynna á skuldum til þess að framtíðarkynslóðir geti nýtt að mestu þá skatta sem greiddir verða í framtíðinni. Ef það verður ekki gert munu þær þurfa að standa undir skuldum fyrri kynslóðar og á sama tíma fjármagna þjónustu við eldri borgara eða sömu kynslóð og eftirlét þeim skuldarnar. Í þessu efni er rétt að minna sérstaklega á

ógreidd lífeyrisframlög til lífeyrissjóða ríkis og sveitarfélaga en það væri afar ósanngjarnt að velja slíkum skuldbindingum yfir á framtíðarkynslóðir.


Einstaklingar þurfa einnig undirbúa sig. Þannig er til dæmis ólíklegt að almannatryggingar bæti miklu við eftirlaun lífeyrisþega framtíðarinnar. Þeir sem leggja ekki nú þegar aukalega fyrir í eftirlaunasparnað ættu að gera það og nýta sér kosti viðbótarlífeyrissparnaðar sem er hagkvæmasti sparnaður sem völ er á.

Öllum breytingum fylgja tækifæri. Á sama tíma og búist er við breyttri aldursamsetningu er því einnig spáð að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast m.a. vegna framfara í læknavísindum og hollari lífshátta. Margir

munu því hafa getu og vilja vinna lengur en áður. Það er dýrmætt fyrir þjóðfélagið að fá að njóta reynslu og þekkingar elstu starfsmanna lengur og því er mikilvægt að stjórnvöld og atvinnulífið skapi aðstæður fyrir sveigjanleg starfslok. Það má gera m.a. með því að gera


elstu starfsmönnum kleift að ráða sig í hlutastarf eða sinna öðrum verkefnum. Einnig með því að bjóða endurmenntun af ýmsu tagi þannig að starfsmenn geti fylgst með breytingum og nýjungum.

Þróun meðalævi 1971-2011 og spá 2014-2065



Meðalævi íslenskra karla lengdist úr 71 ári í tæplega 80 ár á árunum 1971-2011 eða um áratug á 41 ári. Meðalævi kvenna lengdist úr 78 árum í tæp 84 ára eða um sex ár. Hagstofan spáir því að sama þróun haldi áfram.

Aldurssamsetning 2014, spá 2030 og 2060



Myndin sýnir aldurssamsetningu þjóðarinnar 2014 og spá fyrir árin 2030 og 2060. Gangi spár eftir mun fólk á eftirlaunaaldri fjölga mest og aldurshópurinn 55 til 66 ára vaxa næstmest

Heimildir:
Þróun 1971-2011 Félag Íslenskra tryggingastærðfræðinga.
Spá 2014-2065. Hagstofa Íslands.

Lífeyrissjóðir í lykilhutverki

Íslendingar eru betur undirbúnir fyrir fjárfestingu en margar aðrar þjóðir. Lífeyrissjóðirnir greiða nú þegar meirihluta af eftirlaunum landsmanna og eru tilbúnir fyrir mikla fjölgun eftirlaunaþega og hækkun lífeyrisgreiðslna þegar kynslóðir fara á eftirlaun sem hafa greitt í lífeyrissjóð alla ævina.

Íslenska lífeyriskerfið stendur samt frammi fyrir brýnum viðfangsefnum. Langvarandi gjaldeyrishöft eru ógnun við starfsemi lífeyrissjóðanna því án erlendra fjárfestinga geta sjóðirnir ekki náð fram eðlilegri áhættudreifingu sem er ein forsenda þess að hægt sé að tryggja öruggan lífeyri og forðast neikvæð efnahagsleg áhrif þess þegar þjóðin eldist. Lenging meðalævi hefur bein áhrif á skuldbindingar sjóðanna þar sem þeir greiða ævilangan lífeyri. Við því þarf að bregðast og er líklegt að eftirlaunaaldur hækki í framtíðinni auk þess sem svigrúm lífeyrisþega til að flýta eða seinka töku lífeyris verður aukið.

Þjóðir sem byggja lífeyriskerfi sitt á því að ríkissjóður greiði ellilífeyri standa frammi fyrir

stórkostlegum vanda þegar fjöldi lífeyrisþega eykst á sama tíma og skattgreiðendum fækkar. Hjá mörgum þeirra er nú þegar mikill halli á lífeyriskerfinu þar sem skattar, sem eru ætlaðir til að standa undir ellilífeyri, duga ekki til þess. Íslendingar standa ekki frammi fyrir þessum vanda vegna öflugra lífeyrissjóða sem er búið að byggja upp. En við þurfum að undirbúa okkur fyrir breytta aldurssamsetningu, það er ekki eftir neinu að bíða.